

**Ed.**

**552. Breytingartillögur**

**[121. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni og Guðmundi Í. Guðmundssyni.

1. Á undan 1. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:
  - a. (1. gr.) 1. töluliður 1. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:  
*Reykjavikurhérað: Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík.*
  - b. (2. gr.) Á eftir 1. tölul. 1. gr. laga nr. 44 1932 kemur nýr liður, svo hljóðandi:  
*Kópavogshérað: Kópavogshreppur. Læknissetur í Kópavogi.*
  - c. (3. gr.) Orðin „Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár“ í 3. gr. laga nr. 17 1945 (Álafosshérað) falli niður.
2. Fyrir orðið „fellur“ í 3. gr. kemur: og 4. gr. laga nr. 17 1945 falla.
3. Fyrirsögn orðist svo: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. nr. 8 1944, um breyt. á þeim lögum.